

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *12. fundur.*

að Hlíðavegi 6, þriðjudaginn 21. desember 2010, kl. 09:00.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fjárhagsáætlun 2011, fyrri umræða.
3. Endurskoðun fjárhagsáætlun 2010.
4. Fundargerð Skólanefndar dags. 6. des.
5. Fundargerð Brunavarnanefndar dags. 6. des.
6. Fulltrúi á hluthafafund Sorpsamlags Pingeyinga 22. des.
7. Erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Pingeyinga.
8. Samningur um félags- og skólaþjónustu.
9. Fundargerð Atvinnuámalanefndar dags. 29. nóv.
10. Nýr fulltrúi Skútustaðahrepps í VERKNAUST.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að máli 9 og 10, yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun 2011, fyrri umræða.

*Minnisblað.
Fjárhagsáætlun 2011.
Helstu forsendur*

- 1) Útsvar verði 14,48%.

- 2) Reiknað er með 3% hækkun rekstrargjalda.
- 3) Reiknað er með 5% hækkun launakostnaðar.
- 4) Ekki er gert ráð fyrir verulegum samdrætti í rekstri sveitarfélagsins.
- 5) Gert er ráð fyrir að tekjur sveitarfélagsins hækki um 3%.
- 6) Áfram verður haldið við endurnýjun á lögnum veitnanna.
- 7) Gjaldstofnar eru þegar fullnýttir. Almenn tölur verða gjaldskrár hækkaðar um 5% nema gjaldskrá fyrir sorp sem hækkar um 15%.
- 8) Sem fyrr þarf að fylgjast vel með rekstrinum.

Fjárfestingaáætlun, endurnýjaður tölvukostur skrifstofu kr. 500,- þús. Aðrar fjárfestingar 14. millj.

Vísað til seinni umræðu.

3. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2010.

Breytingar á fjárhagsáætlun 2010 við endurskoðun des. 10.

Niðurstöðutölur

	Áætlun 2010	Breyting des. 2010	Áætlun eftir breytingu des. 2010
Aðalsjóður	- 2.931.000	500.000	- 2.431.000
Eignasjóður	870.000	1.200.000	2.070.000
Þjónustustöð	2.396.000	2.400.000	4.796.000
Veitur	- 2.037.000	8.150.000	6.113.000
Leiguíbúðir	737.000	4.600.000	5.337.000
	-		
Samtals	- 965.000	16.850.000	15.885.000

Tekjur sveitarfélagsins lækkuðu aðeins miðað við áætlun og er helsta skýringin sú að lægra framlag kom frá Jöfnunarsjóði. Þá er aukin kostnaður vegna veitna tilkomin vegna lagnaefnis sem keypt var umfram áætlun, og hækkun á gjöldum leiguíbúða skýrist af því að farið var í endurbætur á Birkihrauni 9 sem ekki hafði verið gert ráð fyrir. Sveitarstjórn samþykkir endurskoðunina.

4. Fundargerð Skólanefndar dags. 6. des.

Í öðrum lið fundargerðarinnar leggur nefndin til að sett verði á stofn þriggja manna nefnd sem skipuð verði einum fulltrúa úr skólanefnd, einum leikskólastarfsmanni og einum fulltrúa sveitarstjórnar til að móta framtíðarstefnu um leikskólamál. Sveitarstjórn bendir á að hún á fulltrúa í Skólanefnd og telur það fullnægjandi. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

5. Fundargerð Brunavarnanefndar dags. 6. des.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að nefndin geri að tillögu sinni að varaslökkviliðsstjóri fyrir samrekið slökkvilið Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps verði ráðin úr Skútustaðahreppi. Þá leggur nefndin til að liðsmenn aðrir en slökkviliðsstjórar fá 10.000,- kr. þóknun á mánuði og undir þá greiðslu falli ein æfing í mánuði, níu mánuði ársins auk þess sem greitt verði fyrir útköll skv. kjarasamningi. Jafnframt leggur nefndin til við viðkomandi sveitarstjórnir að í fjárhagsáætlun ársins 2011 verði gert ráð fyrir 5 millj. kr. vegna þessa. Í þriðja lið fundargerðarinnar leggur nefndin til að áætlaðar verði 3 millj. kr. til kaupa á búnaði. Að lokum leggur nefndin til að samrekin slökkvilið gangi undir nafninu „Slökkvilið Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar, SSB“ fyrir fjárhagsáætlun 2011. Hluttur Skútustaðahrepps í framkomnum tölum er 1/3. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

6. Fulltrúi á hluthafafund Sorpsamlags Þingeyinga 22. des.

Sveitarstjórn samþykkir að fulltrúi Skútustaðahrepps verður Böðvar Pétursson.

7. Erindi frá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Með bréfi óskar Atvinnuþróunarfélagið annars vegar eftir samþykki sveitarfélaganna til AÐ fyrir rekstrarárið 2011 skv. m.f. forsendum. Hluttur Skútustaðahrepps yrði kr. 806. þús. Hins vegar er óskað eftir þátttöku sveitarfélaganna í hlutafjárukning AÐ á grundvelli m.f. forsenda. Áætlaður hluttur sveitarfélagsins yrði kr. 762. þús.

Sveitarstjórn samþykkir rekstrarframlagið en frestar að taka afstöðu til hlutafjárukningarinnar þar til að síðari umræða um fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fer fram.

8. Samningur um félags- og skólalþjónustu.

Fyrir fundinum liggur nýr samningur um félags og skólalþjónustu. Samningurinn byggir að mestu á eldri samningi sem rennur út nú um áramótin. Samningurinn gildir til fimm ára, eða til 31. desember 2015, að undanskyldu ákvæði 4.1, sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla sem gildir í tvö ár, eða til 31. desember 2012.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.

9. Fundargerð Atvinnumálanefndar dags. 29. nóv.

Í öðrum lið fundargerðarinnar eru tekin fyrir uppgjör fjallskila 2010. Fram kemur að einungis tveir hafi skilað akstursdagbókum, þrír reikningar hafi borist þar af einn vegna flugs. Almennt er talið að göngur hafi tekist vel en endurskoða þarf þó tilhögun eftirleita og halda þarf nákvæmari skrá um dagsverk í göngum og eftirleitum. Þá var og rætt um hvernig skuli borga akstur í eftirleitum. Framkomnir reikningar til niðurjöfnunar eru kr. 36.454. Fjöldi fjár á Austurafrétti er 1864 og fjallskilasjóðsgjald pr. kind 20,- kr. Girðingargjald pr. kind 190,- kr.

Í fjórða lið fundargerðarinnar leggur Atvinnumálanefnd til að byggt verði nýtt hús á grunni gamla „Sniðils“.

Sveitarstjórn samþykkir annan lið fundargerðarinnar, varðandi lið fjögur er sveitarstjórn tilbúin til að láta kanna hvað kostar að endurbyggja í stað hússins sem brann. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

10. Nýr fulltrúi Skútustaðahrepps í VERKNAUST.

Margrét Hólm Valsdóttir hefur beðist undan áframhaldandi setu í nefndinni. Sveitarstjórn samþykkir að tilnefna í hennar stað Birgi Steingrímsson.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emils Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik Jakobsson.